

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á þvergötum gagnvart Selásbraut og jafnframt að biðskylda verði á Selásbraut gagnvart Arnarnesvegi (Ofanbyggðarvegi).

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. október 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. október 1987.

Böðvar Bragason.

8. október 1987

Nr. 462

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að aðalbrautarréttur verði á Fjallkonuvegi að því undanskildu að umferð um Fjallkonuveg víki fyrir umferð um Gullinbrú.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. október 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. október 1987.

Böðvar Bragason.

30. september 1987

Nr. 463

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grenivíkur í Grýtubakkahreppi,
S.-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 25. september 1987 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Grenivíkur 1987—2007.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur samþykkt uppdráttinn og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 30. september 1987.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.